Sþ. **573. Fyrirspurn** [274. mál]

til landbúnaðarráðherra um forfalla- og afleysingaþjónustu bænda.

Frá Ríkharð Brynjólfssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig hefur verið háttað forfalla- og afleysingaþjónustu bænda sem tekin var upp í sambandi við verðákvörðun búvara 1. desember 1978?
2. Hversu miklu hærri væri launaliður verðlagsgrundvallar nú ef bændur hefðu ekki rétt á forfalla- og afleysingaþjónustu?
3. Hversu mörg ársverk hafa verið greidd til þessarar þjónustu hvert ár frá því lög um forfalla- og afleysingaþjónustu tóku gildi, annars vegar úr ríkissjóði og hins vegar úr Stofnlánadeild?
4. Hafa starfsreglur um forfalla- og afleysingaþjónustu breyst í samræmi við aukinn rétt viðmiðunarstétta á þessu sviði, m.a. rétt til launa í fjarvistum vegna veikinda barna?

**Skriflegt svar óskast.**